

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulagi Leikskólans Bergheima og íbúðarbyggðar við Knarrarberg, Heinaberg og Hafnarberg í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 31. ágúst 2023, breytingu á deiliskipulagi Leikskólans Bergheima. Breytingin er gerð til að koma fyrir nýrri lausri kennslustofu við leikskólann.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir landið Stað í Ölfusi, landnúmer 199504.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 29. júní 2023, breytingu á deiliskipulagi fyrir landið Stað í Ölfusi sem áður hét Gljúfurárholt, land 10. Heimildir til uppbyggingar á landinu hafa verið aðlagðar breytingum í nýju aðalskipulagi. Hætt var við lóð fyrir samfélagsþjónustu en í stað þess settur reitur fyrir verslun og þjónustu en hugmyndin er að byggja upp gístaðstöðu í smáhýsum á hluta landsins.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skæruliðaskálans í Ólafsskarði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. nóvember 2023, deiliskipulag fyrir Skæruliðaskálann í Ólafsskarði. Skipulagið heimilar endurbyggingu skálans í samræmi við heimildir í aðalskipulagi.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 23. nóvember 2023.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 24. nóvember 2023